

Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa Skipulagsfulltrúa
b/t Sólveig Sigurðardóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 22.10.2020

Erindi: Reykjavíkurhöfn, Klettasvæði

Eignarhaldsfélagið Sigtún ehf , gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Reykjavíkurhafnar Klettasvæðis:

Mikill bílastæðisvandi er nú þegar á þessum slóðum en bílum er lagt við gangstéttarkantsteina meðfram umferðargötunni (Köllunarklettsveginum og Héðinsgötu), inni á einkalóðum og á hverju því svæði sem hægt er að koma bíl fyrir. Fyrirhuguð byggingalóð, sem nú á að nýta sem íbúðalóð fyrir smáhýsi, er eina svæðið sem skilgreint er sem almennt bílastæði í hverfinu og hefur yfir að ráða 28 bílastæðum. Gríðarleg hætta hefur skapast af völdum bílastæðisvandans fyrir aðra umferð meðal annars vegna skerts útsýnis og þrengingar á götum.


Mikil umferð þungavinnuvéla og stórra flutningabíla er í þessu hverfi sem fara um Köllunarklettsveg og Héðinsgötu og er í fjölmörgum tilvikum einnig lagt á götunni og gerir það í raun alla umferð enn hættulegri. Nú nýlega er komið á svæðið úrvinnsla bílhraða, með tilheyrandi ónæði og sóðaskap. Telur Reykjavíkurborg að það sé heppilegt að hafa íbúðarhúsnæði á sama stað og brotajárnstarfsemi fer fram á?

Víkjum aftur að eina bílastæðinu á svæðinu, en í auglýstri tillögu er gert ráð fyrir því að sá eini blettur sem kallast getur bílastæði, sé lagður undir þessi áform um smáhýsi, en eins og flestum er kunnugt og vilja sjá, þá kann betur að fara ef byrjað væri á réttum enda, áður en fleira fólk er ætlað að ferðast um þessar götur. Nú þegar er stórhætta á þessu svæði fyrir jafnt gangandi og akandi vegfarendur og er svæðið á engan hátt tilbúið til búsetu. Þar mælum við sterkelega með að fyrst verði séð til þess að núverandi starfsemi sé annaðhvort færð eða svo gengið frá málum að fólk geti lagt bílum sínum löglega og ferðast um fótgangandi, án þess að setja sjálfa sig og aðra í stórhætlu. Það er mjög lítið um gangstíga á þessu svæði.

Þessu til viðbótar skýtur mjög skökku við að á meðan þungavinnuvélastarfsemi og úrvinnsla brotajárn, er á svæðinu, með öllum sínum flutningataekjum, tólum, tækjum og sóðaskap, þá segir í Deiliskipulagi frá 26. Október 1999 að þetta svæði skuli halda; skrifstofur, ýmsa þjónustu og léttan iðnað. Jafnvel er talað um verslun, stjórnsýslu, hótel og aðra hreinlega atvinnustarfsemi er þjónað gæti fleiri bæjarhverfum.

Því er spurt: Er ekki betra að uppfylla fyrst þessa skilgreiningu og búa til heildarskipulag fyrir svæðið, í stað þess að setja vætanlega íbúa tilvonandi smáhýsa í stórhætlu og gera óviðunandi ástand á svæðinu enn verra?

F.h Eignarhaldsfélagsins Sigtúns



Egill Þór Sigurðsson